


Akstur og aðkoma við Grunnskóla Reyðarfjarðar



Aðgát í umferðinni Grunnskóli Reyðarfjarðar



1. Hámarkshraði á Heiðarvegi er 30 km/klst og afar brýnt að hraðatakörk verði virt og gangandi sem akandi vegfarendur gæti fyllstu varúðar.
2. Tvær gangbrautir liggja yfir Heiðarveginn við skólann. Við biðjum alla ökumenn að virða reglur sem gilda um notkun gangbrauta. **Ekki stöðva á eða við gangbraut til að hleypa börnum út úr bílunum.** Það byrgir útsýni þeirra sem eru á leið yfir götuna.
3. Bílastæðið austan/ofan við skólann er eingöngu ætlað starfsfólki grunnskólans og tónlistarskólans.
4. Hvetjið börnin ykkar til að ganga í skólann svo fækka megi bílum sem aka að skólanum á morgnana. Það skapast oft mikil hætta í umferðinni umhverfis skólann þegar margir aka að honum á sama tíma.



Kennum börnum okkar

- Að virða umferðarreglur**
- Að virða útivistartíma**
- Að sýna tillitssemi í umferðinni**
- Að sýna ábyrga hegðun í umferðinni**
- Að vera til fyrirmyndar og nota reiðhjólahljálma**

Gott samstarf - Betri árangur

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Í upphafi hvers skólaárs er nauðsynlegt að fara yfir reglur sem gilda fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur til að leggja grunn að auknu öryggi nemenda í umferðinni. Sérstaklega er mikilvægt að huga vel að yngstu nemendum og hjálpa þeim að finna öruggustu leiðina milli heimilis og skóla. Þegar dimma tekur þarf að útbúa börnin með endurskinsmerki sem gera þau sjáanleg í umferðinni og brýna fyrir þeim að sýna aðgát.

Samstarf við foreldra/forráðamenn

Umferðarfræðsla í grunnskólum ber mestan árangur þar sem næst gott samstarf við heimili nemenda. Hlutverk heimilanna í umferðarfræðslu og forvörnum er mikilvægt því þar er mótunin sterkust. Að vera börnum sínum góð fyrirmynd í umferðinni er öflugasta fræðslan ásamt því að kenna þeim um lög og reglur sem eru í gildi.

Umferðarvefur

Á náms- og fræðsluvefnum www.umferd.is er að finna fjölbreytt fræðsluefni og leiki sem gerir okkur að betri vegfarendum. Þegar krakkar fara út að hjóla eða ganga er mikilvægt að kunna helstu umferðareglurnar. Með því að sýna varúð og tillitssemi má koma í veg fyrir langflest umferðarslys.

Áherslur í umferðarfræðslu heimilanna

Það er spennandi að byrja í skóla. Nýr og framandi heimur opnast. Um leið verður barnið þátttakandi í umferðinni.

Gott er að æfa öruggustu leiðina í skólann. Stysta leiðin í skólann er ekki alltaf sú öruggasta. Gott er að fá aðstoð frá fullorðnum til að læra að þekkja hverfið sitt og umhverfi skólans.

10 örugg ráð

1. Æfum leiðina í og úr skóla saman
2. Veljum öruggustu leiðina í skólann – ekki stystu
3. Leggjum tímanlega af stað, ekki flýta sér
4. Setjum einfaldar og fáar reglur sem á að fara eftir
5. Kennum barninu að fara yfir götu.
6. Verum sýnileg, notum [endurskinsmerki](#)
7. Notum hjólreiðahjál, bæði börn og fullorðnir
8. Notum viðeigandi öryggisbúnað í bifreið, bæði börn og fullorðnir
9. Tökum tillit til annarra vegfarenda, sérstaklega í nánd við skóla
10. Förum eftir leiðbeiningum skólans um umferð á skólasvæðinu

Athygli er vakin á að:

- ☺ samkvæmt 40. gr. umferðarlaga mega börn yngri en 7 ára ekki vera hjólandi í umferðinni nema í fylgd með 15 ára og eldri.
- ☺ samkvæmt 23. gr. lögreglusamþykktar Fjarðabyggðar má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum, á götum bæjarins eða þar sem hætta getur stafað að nema með samþykki lögreglustjóra. Þar eigum við sérstaklega við reiðhjól, hjólabretti og hjólaskauta.
- ☺ samkvæmt sömu grein er börnum yngri en 15 ára skylt að nota reiðhjólahlálma og viðeigandi hlífðarbúnað þegar þau ferðast um á reiðhjólum, hjólabrettum og línuskautum.